



**FUNDARGERÐ**  
**19. fundur Odda bs**  
**haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , 1. október 2019**  
**og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Björk Grétarsdóttir, Haraldur Eiríksson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Elín Grétarsdóttir, Valtýr Valtýsson og Ágúst Sigurðsson.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson, Sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúi E-lista frá Ásahrepp gerði athugasemd við fundarboðun en fundarboð barst ekki á réttum tíma til hennar fyrir mistök. Fundarritari sem sá um fundarboðun baðst afsökunar á þeim mistökum. Formaður lagði til að við dagskránnu myndu bætast liður 8. Erindi frá skólustjóra Laugalandsskóla og liður 9. Trúnaðarmál og var það samþykkt. Einnig sátu fundinn Hrafnhildur Andrésdóttir, Rósa Hlín Óskarsdóttir, Hrafnhildur Valgarðsdóttir, Sóley Ösp Karlsdóttir, Kristín Sigfúsdóttir, Guðbjörg Ísleifsdóttir, Sigrún Benediktsdóttir, Sigurjón Bjarnason, Sóley Margeirsdóttir, Ragnheiður Á. Ólafsdóttir, Huguína Pétursdóttir og Klara Viðarsdóttir.

**Dagskrá:**

**1. Mannauðsmál skólanna - 1610046**

*Í upphafi skólaárs skulu skólustjórar gera fræðslunefnd grein fyrir stöðunni í starfsmannamálum hvað varðar starfsþróun/endurmenntun og leggja fram áætlun fyrir yfirstandandi skólaár.*

Skólustjórar fóru yfir starfsmannamál og áætlanir um endur- og símenntun og lögðu fram gögn til kynningar sem fylgja með fundargerðinni. Einnig fóru þeir yfir fjölda nemenda við hvern skóla. Alls eru 202 börn í grunnskólum Odda bs og 106 börn í leikskólunum en þeim mun fjölga nú á næstunni með nýrri deild við Heklukot.

**2. Aðstaða og búnaður skólanna - 1610047**

*Árlega meti skólustjórar þörf fyrir endurnýjun kennslutækja, þörf fyrir annan búnað og húsnæði í samræmi við þróun nemendafjölda og kennsluhátta og upplýsi fræðslunefnd um stöðu mála.*

Skólustjórar greindu frá stöðu mála varðandi búnað og aðstöðu og fóru einnig yfir atriði sem snúa að þróun skólustarfsins. Þá lögðu þeir fram gögn um þessi atriði til kynningar sem fylgja með fundargerðinni. Nánar verður unnið með þessi atriði nú þegar vinna við fjárhagsáætlun Odda bs fyrir næsta ár hefst.

**3. Ytra mat Grunnskóla Odda bs 2017 - 1701015**

*Staða mála*

Skólustjórar fóru yfir eftirfylgni við ytra mat sem fram fór 2017.

**4. Rannsókn á vegum HÍ - ósk vegna spurninglista - 1909074**

MHG

B

10/10  
38

Leyfi fyrir spurningalistum vegna rannsókna.

Stjórn Odda bs gerir ekki athugasemd við að spurningalisti vegna rannsókna undir stjórn Jónínu Einarsdóttur prófessors við Háskóla Íslands verði lagður fyrir starfsmenn og foreldra leikskólanna.

Samþykkt samhljóða.

**5. Forvarnardagurinn - 1909043**

Í grunn- og framhaldsskólum 2.10.2019

Lagt fram til kynningar.

**6. Rekstraryfirlit Odda bs 30092019 - 1909073**

Yfirlit um rekstur Odda bs janúar-ágúst

Klara Viðarsdóttir fór yfir rekstraryfirlit Odda bs janúar-ágúst 2019.

**7. Rekstraráætlun 2020 - Oddi bs - 1909072**

Undirbúningur fjárhagsáætlunar, forsendur og skipulag - fundir með skólastjórum.

Farið yfir skipulag vinnu við fjárhagsáætlun og áhersluatriði. Reiknað er með vinnudegi stjórnar með skólastjórnendum varðandi fjárhagsáætlun þann 21. október kl 8:00-12:00. Ákveðið að greina eins og kostur er mötuneytiskostnað en reiknað er með að gjaldskrá taki ekki miklum breytingum almennt. Rætt var um leiguverð íbúða sem nýttar eru af starfsfólki Odda bs.

**8. Erindi frá skólastjóra Laugalandsskóla - 1910001**

Varðandi mannauðsmál.

Lagt fram erindi frá Sigurjóni Bjarnasyni varðandi mannauðsmál. Málið rætt og ákveðið að fela framkvæmdastjóra að fá álit kjarasviðs Sambands Íslenskra Sveitarfélaga varðandi það fyrirkomulag sem nú er til prufu í eitt ár varðandi kjör leikskólastarfmanna. Afgreiðslu frestað til næsta fundar Odda bs.


**9. Trúnaðarmál 12032019 - 1903017**

Elín Grétarsdóttir áheyrnarfulltrúi vék af fundi undir þessum lið.

Fært í trúnaðarmálabók.

Fundargerð yfirlésinn og samþykkt.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:50.**

  
Þórunn Grétarsdóttir  
Höfja Þeggja Eiríksdóttir  
Elín Grétarsdóttir  
Sveinur Sveinsson  
Margrjet Horpe Grétarsdóttir  
Sveinur Sveinsson